

Sjálfsgætt mætti finna „Afa“-greininni eitthvað til, ef vel væri leitað. Hún er óvanalega berorð við það sem menn eiga að venjast nú upp á síðkastið. Vér efumst um að hún hermi það rétt að séra Jón með vélabrogðum og ásetningi hafi viljað spilla fyrir hjálparsamskotunum. Vér efumst um að nokkur Íslendingur þessarar álfa hafi verið sú þjóðarafmán að vilja það. En hitt er aftur víst að séra Jón, sem formaður lúth. kyrkju, hefir viljað að kyrkjusamskotunum yrði sem bezt tekið hvað svo sem um hitt yrði. Hann bar innri-missíónina fyrir brjósti á undan öllu öðru. Ekki fellum vér oss við mannfjöfnuð „Afa“-greinarinnar, samanburðin á séra Jóni og séra Friðriki. Það er líka alveg óviðkomandi innskot, hvor þeirra væri meiri og betur látinn. Fáir munu trúá því að séra Jón standi hinum mikið á baki, í einu eða neinu. Má vera að séra Jón komi sér ekki eins í mjúkinn, en er þá ekki óf mikilli einurð hans og hrein-skilni um að kenna? Hann hefir aldrei dregið dul á meiningu sína, aldrei falið sínar skoðanir fagrar eða ljótar. Hann hefir ekki haft það að vana að snúa klæðinu rétthverft eða ranghverft eftir því, að hverju auganu geðjaðist betur. Frá hans sjónarmiði hefir *rétthverfau* ætíð snúið út. Þegar hann nefnir Unitara á nafn, þá kallar hann þá „vantrúarmenn“, þegar hann nefnir biblíuna á nafn, þá heitir hún „Guðs opinberað orð“ o. s. frv.

Þess vegna er líka svo létt að deila við hann og þess vegna eignast hann eðlilega mótstöðumenn, og svo líka af því hve skoðanir hans eru orðnar aftur úr og öld vorri ósamboðnar.

Vér fellum oss ekki við hólið um séra Friðrik, þótt hann fari meir undan í flæmingi enn séra Jón, þegar um ágreinings-efni er að ræða, þá er það að vorri hyggju ekki vottur neinna andlegra yfirburða yfir aðra menn. Það er engu ólíkara krókaleið hérans en flugi arnarinnar.

Mest furðar oss þó á hverjir það voru sem hlupu til bjargar málsaðilunum í þessari deilu. Það verðum vér að játa að oss þótti það óvænt frétt, að S. B. Benediktsson færi að vanda um fyrir séra Jón. Og als ekki talaði hann fyrir hönd Unitara sem heildar með þeirri grein. Sérstaklega þó fyrir það hversu